# Sveitarstjóri Dalabyggð

| | |
|---|---|
| **From:** | María Björk Ingvadóttir <mariabjork@n4.is> |
| **Sent:** | þriðjudagur, 23. febrúar 2021 15:30 |
| **To:** | baejarstjori@akranes.is; Jakob Björgvin Jakobsson; Sveitarstjóri Dalabyggð; Björg Ágústsdóttir; linda@hvalfjardarsveit.is; Kristinn Jónasson; sveitarstjori@borgarbyggd.is; Eggert Kjartansson; helgafellssveit341@gmail.com; skorradalur@skorradalur.is |
| **Cc:** | Páll Snævar Brynjarsson |
| **Subject:** | Að vestan í loftið - hverjir verða með í ár ? |
| **Categories:** | Vistað í OneCRM; 2102030 |
| **One:** | -1 |

Sæl öll,
Ég vil byrja á því að óska ykkur öllum gleðilegs árs, þó Þorrinn sé búinn og þakka ykkur fyrir gott samstarf á liðnum árum. Þetta góða samstarf hefur getið af sér margt gott og gagnlegt, ófá viðtöl, innslög, þætti og umfjallanir um Vesturlandið sem margir hafa getað notið og einnig nýtt sér.

Nú erum við á **N4** klár að fara í gang með nýja þáttaröð **Að vestan** að því gefnu að allir eða að minnsta kosti flestir, verði með og tilbúin að leggja fram sömu upphæðir og síðustu ár.

Ætlunin er að gera 10-12 þætti í **Að vestan,** sem ræðst af þátttökunni.
Fyrri serían hefst í mars og stendur til júní og sú seinni frá júlí - nóvember
Umsjón hafa þau Hlédís Sveinsdóttir og Heiðar Mar Björnsson.

Ef áhugi er fyrir að efla þáttagerðina enn frekar, þá bjóðast þeim sem vilja viðtöl í **Landsbyggðum**, **Föstudagsþættinum** og **Þegar,** auk þess sem við höfum mikinn áhuga á að gera með ykkur fleiri þáttaseríur t.d. "**Aftur heim**" - "**Atvinnupúlsinn á Vesturlandi**" - "**Uppskrift að góðum degi**" og einnig ferðaþætti fyrir ungt fólk, svo dæmi séu tekin.

Við höfum fengið staðfestingu frá **SSV** um þátttöku.
Bið ykkur hin vinsamlega um að staðfesta málið við mig sem allra fyrst svo við getum sett í gang undirbúningsvinnuna.

Með kærum kveðjum
María Björk

**María Björk Ingvadóttir**
Framkvæmdastjóri | N4
6604680
4124400
mariabjork@n4.is
Hvannavellir 14, 600 Akureyri
www.n4.is